

## Fundargerð

419. fundur stjórnar Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni, haldinn 2. apríl 2019 kl. 9.30 í Stangarhyl 4, Reykjavík.

Mættir voru: Ellert B. Schram, Finnur Birgisson, Guðrún Árnadóttir, Ólafur Ingólfsson, Róbert Bender, Sigríður Sæbjörnsdóttir, Þorbjörn Guðmundsson, Kári Jónasson, Margrét Hagalínsdóttir, Sjöfn Ingólfssdóttir og Gísli Jafetsson sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

Fundargerð síðasta fundar nr. 418 undirrituð.

### 1. Landsfundur LEB

Formaður setti fundinn og skýrði frá að tilkynnt hefði verið um framboð til stjórnarkjörs í LEB á tilsettum tíma. Jafnframt er unnið að hverjir verði þingfulltrúar FEB og var samþykkt að Gísli, Guðrún og Róbert fullvinni. Undirbúningsfundur með verðandi þingfulltrúum verður haldinn 8. apríl kl. 15.00 hér í Stangarhylnum.

### 2. Drög að forgangsmálum stjórnar FEB fyrir árin 2019 – 2021

Sigríður fór yfir forgangsmál núv. stjórnar 2019-2021 sem unnið hefur verið að í framhaldi af stefnumótunarvinnu frá því s.l. haust. Samþykkt að unnið verði frekar með skjalið þannig að það verði sem lifandi gagn. Rætt um að fá kynningu á þeim atriðum er snúa að LEB á komandi landsfundi.

### 3. Aðgerðaráætlun Reykjavíkurborgar með stefnu í málefnum eldri borgara

Gísli kominn á aðgerðaráætlunina sem kynnt var á fundi öldungaráðs Rvkborgar daginn áður. Aðgerðaráætluninni er skipt í fimm megin þætti; A félagsauð, B matarþjónusta, C sérhæfða aðstoð vegna heilabilunar, D sérhæfð teymi E mannauð.

Ekki annað hægt en að fagna þeim tillögum sem þarna koma fram og búið er að kostnaðarmeta en fjármagn af hálfu borgaryfirvalda er ekki tryggt. Áætlunin verður send stjórnarmönnum.

### 4. Önnur mál

Beiðni frá mannréttindaskrifstofu Rvkborgar um tilnefningu í starfshóp um aldraða og ofbeldi. Samþykkt að Róbert Bender taki sæti fyrir hönd FEB

Sýndur upplýsingabæklingur fyrir eldri borgara í Kópavogi 2019. Slíkur bæklingur er til fyrir eldri borgara í Reykjavík og er í uppfærslu þessa dagana.

Spurst fyrir um líkamsrækt fyrir eldri borgara.

Fundi slitið 10.55.

Samþykkt;